

9. enska 2025 - 2026

Lýsing

Enska sem annað tungumál, námslota fyrir haust- og vorönn. Áhersla á talað mál, uppbyggingu orðaforða, lestur rauntexa sem og bóka, ritun af ýmsu tagi og málfræði.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Kennslustundir eru fjórar á viku. Að meðaltali er töluð enska í 60% tímans.

Nemendur vinna bæði stakir og í hópum, m.a. með orðaforða, í þemavinnu og umræðum.

Nemendur lesa a.m.k. eina skáldsögu á vetrinum og vinna fjölbreytt verkefni útfrá henni.

Námsaðlögun

Allir nemendur hafa aðgang að:

- upplestrarforritum á ensku og íslensku;
- forriti sem gerir nemendum kleift að glósa í texta, teikna inná, fá lesið upp oþh.
- Appinu Quizlet sem heldur utan um orðaforðanám, en þar er hægt að hlusta á orðin.

Námsmat

Ýmsar leiðir að mati eru notaðar, s.s.

- hefðbundnar þekkingarkannanir á orðaforða og málfræði
- jafningjamat á nemendaverkefnum, sérstaklega hópverkefnum
- sjálfsmat á verkefnum
- leiðsagnarmat á m.a. ritunum og öðrum verkefnum,

Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 8.-10.bekk - Tækni og búnaður

- Nýtt hugbúnað/forrit við flókna framsetningu ritunarverkefna og tölulegra gagna.

VS enska 9. bekkur

- **Hæfni á námssviði**
- Málfræði - Tileinkað sér þau málfræðiatríði sem lögð eru fyrir.

VS enska 9. bekkur - Hlustun

- Tileinkað sér aðalatriði úr lesgreinum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra.
- Án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.
- Hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.

VS enska 9. bekkur - Lesskilningur

- Dregið saman aðalatriði í lesgreinum tímarita og blaða, og sýni þannig fram á skilning á þeim.
- Leitað sér heimilda til að nýta í viðfangsefnum.
- Lesið nákvæmlega eða hraðlesið eftir þörfum. sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur og myndað sér skoðanir á efni þeirra.

VS enska 9. bekkur - Samskipti

- Tekið óundirbúið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.
- geti tjáð sig og á eðlilegu og skýru máli um kunnuglegt efni og sett fram rökstudda skoðun.

VS enska 9. bekkur - Frásögn

- Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi.

VS enska 9. bekkur - Ritun

- Þjálfist í skapandi notkun málsins og semji eigin texta t.d. sögu eða ljóð.
- Skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við.
- Tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.

VS enska 9. bekkur - Náms hæfni

- Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.
- Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf.
- Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.
- Nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi.
- Tileinki sér orðaforða sem lagður er fyrir.